

Síldarminjasafn Íslands ses.  
Ársreikningur 2018

Síldarminjasafn Íslands ses.  
Snorragata 10  
580 Siglufjörður  
Kt. 661006-1530

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Félagið er sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur.


Aðalstarfsemi félagsins er að annast og reka Síldarminjasafn Íslands ásamt því að hafa umsjón með söfnun og tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja, tengdum síldveiðum og iðnaði.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri félagsins á árinu 0,3 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 99,7 millj. kr. í árslok. Eigið fé félagsins í árslok nam 83,1 millj. kr. að meðtöldu stofnfé að fjárhæð 36,6 millj. kr.

Stjórn og framkvæmdastjóri Síldarminjasafns Íslands ses. hafa í dag rætt ársreikning safnsins fyrir árið 2018 og staðfest hann með undirritun sinni.

Siglufirði, 15/4 2019

Í stjórn safnsins:


Framkvæmdastjóri:



# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Síldarminjasafns Íslands ses.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Síldarminjasafns Íslands ses. fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst mikil víska en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

---

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.


Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 18/4 2019

**KPMG ehf.**



# Rekstrarreikningur ársins 2018

		2018	2017
<b>Rekstrartekjur</b>			
Opinber framlög .....		10.400.000	8.700.000
Styrkir og gjafir .....		7.636.511	6.450.000
Tekjur af rekstri .....		41.784.795	36.546.540
Tekjur vegna verkefna .....		23.250.000	10.500.000
		<u>83.071.306</u>	<u>62.196.540</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	3	17.891.411	20.175.875
Rekstur fasteigna .....		6.589.843	8.128.032
Verkefnakostnaður .....		50.123.797	22.854.009
Annar rekstrarkostnaður .....		7.933.020	10.369.208
		<u>82.538.071</u>	<u>61.527.124</u>
Rekstrarhagnaður.....		533.235	669.416
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		11.765	45.839
Vaxtagjöld .....		( 248.267)	( 654.136)
		<u>( 236.502)</u>	<u>( 608.297)</u>
<b>Rekstrarhagnaður ársins</b> .....	5	<u>296.733</u>	<u>61.119</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2018

		<b>2018</b>	<b>2017</b>
<b>Eignir</b>			
Fasteignir .....		92.030.462	92.030.462
	Fastafjármunir 4	<u>92.030.462</u>	<u>92.030.462</u>
Vörubirgðir .....		5.540.567	747.217
Viðskiptakröfur .....		2.049.020	461.564
Skammtímakröfur .....		73.700	15.850
Handbært fé .....		42.891	824.726
	Veltufjármunir	<u>7.706.178</u>	<u>2.049.357</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u><u>99.736.640</u></u>	<u><u>94.079.819</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		36.569.366	36.569.366
Annað eigið fé .....		13.715.000	13.715.000
Óráðstafað eigið fé .....		32.839.841	32.543.108
	Eigið fé 5	<u>83.124.207</u>	<u>82.827.474</u>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	6	1.218.811	2.437.622
	Langtímaskuldir	<u>1.218.811</u>	<u>2.437.622</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....		5.772.584	0
Viðskiptaskuldir .....		4.339.154	1.394.489
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	6	1.218.811	1.218.811
Aðrar skammtímaskuldir .....		4.063.073	6.201.423
	Skammtímaskuldir	<u>15.393.622</u>	<u>8.814.723</u>
	Skuldir samtals	<u>16.612.433</u>	<u>11.252.345</u>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u><u>99.736.640</u></u>	<u><u>94.079.819</u></u>

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður ársins .....	5	296.733	61.119
Veltufé frá rekstri		<u>296.733</u>	<u>61.119</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Birgðir, (hækkun) lækkun .....	(	4.793.350)	99.466
Skammtímakröfur, hækkun .....	(	1.645.306)	( 344.314)
Skammtímaskuldir, hækkun .....		806.315	7.343.912
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	(	<u>5.632.341)</u>	<u>7.099.064</u>
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri	(	<u>5.335.608)</u>	<u>7.160.183</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímalána .....	(	1.218.811)	( 4.343.567)
Skammtímalán, breyting .....		5.772.584	( 2.278.243)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>4.553.773</u>	<u>( 6.621.810)</u>
<b>Breyting á handbæru fé</b> .....	(	781.835)	538.373
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		<u>824.726</u>	<u>286.353</u>
<b>Handbært fé í árslok</b> .....		<u><u>42.891</u></u>	<u><u>824.726</u></u>

# Skýringar

## 1. Félagið

Síldarminjasafn Íslands ses. („Félagið“) er íslensk sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur. Lögheimili þess er að Snorrageötu 10 á Siglufirði. Starfsemi félagsins felst í safnarekstri.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning við afhendingu vörunnar. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan er innt af hendi.

### c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði. Engar afskriftir eru færðar.

### d. Birgðir

Birgðir af aðkeyptum vörum eru metnar á síðasta innkaupsverði.

### e. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

## 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2018	2017
Laun .....	26.963.380	25.426.806
Launatengd gjöld .....	5.609.186	5.020.108
Endurgreiddur launakostnaður .....	0	( 311.500)
Laun og launatengd gjöld samtals .....	32.572.566	30.135.414
Launakostnaður færður á verkefnakostnað .....	( 14.681.155)	( 9.959.539)
Laun og launatengd vegna rekstrar .....	17.891.411	20.175.875
Fjöldi ársverka á árinu .....	5,2	5,0

Laun framkvæmdastjóra námu 8.562 þús. kr. á árinu 2018 en námu 7.651 þús. kr. árið áður. Ekki var um sérstakar greiðslur vegna stjórnarlauna að ræða.

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir
Bókfært verð 1.1.2018 .....	92.030.462
Bókfært verð 31.12.2018 .....	92.030.462

### Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat fasteigna nam í árslok 519.200 þús. kr., fasteignamat 111.110 þús. kr. og lóðarmat 21.292 þús. kr.

## Skýringar, frh.:

### 5. Eigið fé

Stofnfé félagsins nam 36.569 þús. kr. í árslok 2018.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Annað eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2017 .....	36.569.366	13.715.000	32.481.989	82.766.355
Hagnaður ársins .....			61.119	61.119
Eigið fé 31.12.2017 .....	36.569.366	13.715.000	32.543.108	82.827.474
Hagnaður ársins .....			296.733	296.733
Eigið fé 31.12.2018 .....	36.569.366	13.715.000	32.839.841	83.124.207

### 6. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

	2018	2017
Skuldir í íslenskum krónum:		
Óverðtryggt lán .....	2.437.622	3.656.433
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	2.437.622	3.656.433
Næsta árs afborganir .....	( 1.218.811)	( 1.218.811)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals .....	1.218.811	2.437.622

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

Árið 2018 .....	-	1.218.811
Árið 2019 .....	1.218.811	1.218.811
Árið 2020 .....	1.218.811	1.218.811
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	2.437.622	3.656.433

### 7. Tengdir aðilar

#### Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar eru stjórn, stjórnendur, lykilstarfsmenn, makar þeirra og börn á þeirra framfæri.

#### Viðskipti við lykilstjórnendur

Laun stjórnenda má sjá í skýringu nr. 3. Félagið átti engin viðskipti við stjórnendur á árinu.